

Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana

2016 - 2017



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2016 – 2017.

Frá vinstri: Halldór Ó. Sigurðsson, Eypór Björnsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Björn Karlsson, Kristín Linda Árnadóttir, Borghildur Erlingsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir. Á myndina vantar Guðjón S. Brjánsón.

Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni á starfsárinu maí 2016 til maí 2017. Í byrjun starfsársins ákvað stjórn FFR að megin áhersla starfsins yrði að vera sú mikilvæga vinna sem fer í hönd varðandi breytingar á starfskjörum forstöðumanna, vegna breytinga á lögum um kjararáð og ber starfið á árinu þess merki. Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins (www.ffr.is) og í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

1. Aðalfundur FFR 31. maí 2016

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana var haldinn þriðjudaginn 31. maí 2016 á Grand hóteli, Reykjavík. Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar var kjörinn formaður en í stjórn og varastjórn voru kjörin þau Halldór Ó. Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Einkaleyfastofu, Guðjón S. Brjánsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Eyþór Björnsson forstjóri Fiskistofu.

Í starfskjaranefnd voru kjörnir Tryggvi Axelsson forstjóri Neytendastofu, Ársæll Guðmundsson skólameistari og Sveinn Runólfsson, fyrrverandi forstöðumaður.

2. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé. Stjórnin hélt alls 11 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu auk ýmissa annarra funda sem stjórn, starfskjaranefnd eða hluti þeirra sótti fyrir hönd FFR. Þær fundargerðir sem ritaðar voru má finna á heimasíðu félagsins. Meðal annars sátu formaður, gjaldkeri og ritari FFR fundi með starfsmönnum í fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem haldnir voru vikulega frá desember 2016 fram að aðalfundi FFR 2017. Ráðgjafi FFR, Guðrún Ragnarsdóttir sat einnig þessa fundi. Jafnframt voru haldnir sérstakir fundir formanns FFR og formanns Starfskjaranefndar FFR.

Undanfarinn áratug hefur legið fyrir að vilji íslenskra stjórnvalda hefur verið að gera nokkuð umfangsmiklar breytingar á framkvæmd stefnumótunar, fjárlagagerð og stofnanakerfi ríkisins. Sem dæmi má nefna breytingar á lögum um stjórnarráðið, ný lög um opinber fjármál og breytingar á lögum um kjararáð. Þessi nýskipan hefur í för með sér talsverðar breytingar á starfsumhverfi og starfskjörum forstöðumanna, einkum þó breytingar á lögum um kjararáð. Stjórn FFR ákvað í byrjun starfsársins að stærsta og mikilvægasta verkefni félagsins væri umfjöllum um breytingar á lögum um kjararáð og í framhaldi þróun og innleiðing á nýju verklagi varðandi launaákvæðanir, frammistöðumat, starfsþróun, hreyfanleika og starfslok forstöðumanna.

Haustið 2016 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð. Hagsmunaaðilum var gefinn nokkurra daga frestur til að leggja fram umsagnir um frumvarpið. FFR vann slíka umsögn og ýmsar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í kjölfarið, þar sem að hluta til var komið til móts við athugasemdir félagsins. Frumvarpið var svo samþykkt nokkrum dögum síðar og málið þannig unnið mjög hratt á Alþingi.

Stjórn FFR ákvað að miða afstöðu sína til frumvarpsins við skýrslu starfshóps frá árinu 2012 um vinnuumhverfi forstöðumanna og almennrar afstöðu félagsins til málsins síðastliðið áratug. Bakgrunnurinn er sá að FFR hefur um langt árabil hvatt mjög til þess að breytingar verði gerðar á starfsumhverfi forstöðumanna. Í marsmánuði 2011 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að fjalla um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Tveir fulltrúar forstöðumanna sátu í hópnum. Hópurinn skilaði af sér skýrslu þann 24. apríl 2012 og lagði fram ýmsar breytingartillögur á starfsumhverfi forstöðumanna. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð byggir að miklu leiti á niðurstöðum skýrslunnar. FFR hefur staðið fyrir morgunverðarfundum undanfarin ár þar sem skýrslan og væntanlegar lagabreytingar hafa verið kynntar.

Þann 22. desember s.l. samþykkti Alþingi síðan lagafrumvarpið, en skv. því er m.a. gert ráð fyrir að umsýsla með starfskjörum flestra forstöðumanna ríkisstofnana færist frá kjararáði til miðlægrar stjórnsýslueiningar og að unnið verði nýtt og gengsætt verklag vegna launasetningar, frammistöðumats, hreyfanleika og starfsloka forstöðumanna. Lögin áttu að taka gildi 1. júlí 2017, en nú hefur verið lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir gildistöku 1. janúar 2018. Verði það frumvarp samþykkt geta forstöðumenn fram að þeim tíma óskað eftir að kjararáð taki laun þeirra til endurskoðunar.

Þó svo að búið sé að samþykkja lögin er eftir talsverð vinna við að þróa og innleiða nýtt verklag varðandi fyrirkomulag ráðningarmála, launaákvæðana, frammistöðumats, starfsþróunar, hreyfanleika og starfsloka forstöðumanna. Mjög mikilvægt er að forstöðumenn verði ekki þolendur í þessu ferli heldur gerendur svo að hin verðmæta reynsla og þekking forstöðumanna nýtist við þróun verklagsins. Stjórn FFR réði því Guðrúnu Ragnarsdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Strategía til þess að vinna að tillögum að verklagi í samstarfi við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR) hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þar nýtist vel sá 5. m.kr. styrkur sem félaginu var úthlutað til þessa verks úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna..

Síðan í desember 2016 hefur Guðrún Ragnarsdóttir, ásamt formanni, gjaldkera og ritara FFR, setið vikulega fundi með starfsmönnum Kjara og mannauðssýslu í fjármála- og efnahagsráðuneyti, til að vinna að þessu mjög svo mikilvæga verkefni. Segja má að vinnan sé komin nokkuð á veg; verið er að kortleggja hæfnikröfur starfa forstöðumanna út frá þremur víddum, faglegrí vídd, stjórnunarvídd og rekstrarlegum þáttum. Út frá því verður að byggja upp skýrt og gegnsætt launakerfi sem er einfalt í framkvæmd ásamt ferli um starfsþróun og starfslok forstöðumanna. Hæfnikröfurnar er síðan hægt að nota

sem viðmið við mat á frammistöðu. Markmiðið er að launaáakvarðanir verði gegnsæjar og byggja á málefnalegum forsendum, þá verði frammistaða forstöðumanna metin reglulega og starfsþróun þeirra skipulögð á stefnumiðaðan máta. Kerfið verði hvetjandi og stuðli að framþróun og auknum árangri í starfsemi ríkisins.

Eins og áður segir er vinnan komin nokkuð á veg, en þó er enn langt er til lands. Mikilvægt er að koma á skipulögðu samráði við félagsmenn og því hafa verið haldnir félagsfundir þar sem vinnan hefur verið kynnt og félagsmenn hafa haft tækifæri til að spyrja um ýmsa þætti. Haldinn var félagsfundur 1. febrúar 2017 þar sem Asbjörn Valheim, sérfræðingur frá Noregi lýsti framkvæmd og reynslu Norðmanna af vinnuumhverfi forstöðumanna í þarlandis. Í framhaldinu var fundarmönnum skipt niður í hópa og fram fóru umræður um ákveðin atriði málsins. Einnig var haldinn félagsfundur 11. maí þar sem fjármála- og efnahagsráðherra opnaði fundinn og Gunnar Björnsson, forstöðumaður Kjara og mannauðssýslu FJR og formaður FFR héldu erindi.

Til að virkja og upplýsa félagsmenn á sem bestan hátt hefur fundum þessum verið streymt beint af fundarstað, með ódýrari og hagkvæmari hætti en áður hefur verið. Einnig hefur sérstakt svæði verið settu upp á vefsíðu FFR, <http://ffr.is/nytt-vinnuumhverfi/>. Á því svæði eru streymi af fundum vistuð, ýmiskonar aðrar upplýsingar og spjallsvæði ef félagsmenn vilja tjá sig og ræða málið.

Fjallað verður nánar um þetta mikilvæga málefni á aðalfundi FFR 31. maí 2017.

Þó ofangreint verkefni hafi verið í forgangi hjá félaginu hafa ýmis önnur verkefni verið unnin. Má þar nefna að haustið 2016 unnu stjórn og Starfskjaranefnd FFR að greiningu á launaþróun félagsmanna FFR og samanburði við verðlagsþróun og launaþróun hjá þeim aðilum sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Í kjölfar þessarar vinnu sendi FFR erindi til kjararáðs þar sem farið var fram á almenna launahækkun til handa forstöðumönnum (sjá nánari umfjöllun í kafla 3, Starfskjaranefnd).

Loks ber að nefna að Félag forstöðumanna ríkisstofnana varð 30 ára gamalt þann 27. nóvember, en félagið var stofnað þann dag árið 1986. Af þessu tilefni bauð stjórn FFR félagsmönnum til hádegisverðar á Grand Hóteli miðvikudag 14. desember til að fagna 30 ára afmæli félagsins, njóta jólahádegisverðar og hittast til skrafs og ráðagerða. Umræðurnar snérust fremst um kjaramál, á þeim nótum sem rætt hefur verið hér að ofan, en umfjöllun um umræðurnar er að finna á vefsíðu félagsins.

3. Starfskjaranefnd FFR


Starfskjaranefnd FFR vann aðallega að tveimur mikilvægum verkefnum á starfsárinu. Annarsvegar ber að nefna málaferli sem félagið stofnaði til á hendur fjármálaráðherra árið 2013 og hinsvegar samskipti við kjararáð þar sem unnin var greiningarvinna og erindi sent kjararáði þar sem farið var fram á almenna launahækkun til handa forstöðumönnum, eins og áður segir.

Hvað varðar dómsmálið þá hefur Starfskjaranefnd FFR um nokkuð langt skeið unnið við málaferli sem einn félagsmanna höfðaði (með stuðningi og áeggjan félagsins) á hendur fjármálaráðherra með stefnu sem var birt í mars 2013. Í málinu var krafa FFR að ákveðnir úrskurðir kjararáðs yrður felldir úr gildi og greiðslur til forstöðumannsins kæmu til. Í stuttu máli má segja að málaleitan félagsins var vísað frá dómi, nema svokallaðri þrautþrautavarakröfu, sem gekk út á að viðurkennt yrði með dómi að kjararáði hafi borið að afturkalla launalækkun sóknaraðila (og þar með forstöðumanna) frá og með 1. desember 2010, en ekki ári síðar, eins og gert var. Héraðsdómur kvað loks upp úrskurð í málinu í mars 2016, þar sem kröfu félagsmanns okkar var hafnað. Stjórn og Starfskjaranefnd FFR fjölluðu um málið og eftir samráð við lögmann félagsins var ákveðið að áfrýja málinu til hæstaréttar.

Hæstiréttur staðfesti síðan niðurstöðu héraðsdóms um annað en málskostnað, en dæmdi að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti félli niður. Dóminn í heild er hægt að lesa á slóðinni <https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=cf6c33e2-0101-440b-b2dd-c3700cd3106a>

Hvað varðar samskipti Starfskjaranefndar FFR við kjararáð þá var unnin greiningarvinna, þar sem laun félagsmanna FFR voru borin saman við verðlagsþróun og launapróun hjá þeim aðilum sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Þrátt fyrir að í lok nóvember 2015 hafi kjararáð úrskurðað um almenna launahækkun forstöðumanna ríkisstofnana um 9.3%, og að samanlögð hækkun eininga varð tæplega 25%, er ljóst að laun forstöðumanna hafa ekki fylgt launavísitölu um nokkuð skeið.

Að auki setja ný lög um opinber fjármál nr. 123/2015 auknar kröfur á forstöðumenn ríkisstofnana almennt. Má þar nefna auknar kröfur hvað varðar ábyrgð forstöðumanns gagnvart hlutaðeigandi ráðherra um að sýna fram á almennan árangur stofnunar og ábyrgð á rekstri hennar. Gerðar eru auknar kröfur um stefnumótun og áætlanagerð ríkisaðila, sem og um samskipti milli forstöðumanns og ráðherra. FFR ritaði erindi til kjararáðs og taldi þessar breytingar almennt til bóta, en taldi rétt í ljósi nýlegra úrskurða kjararáðs að óska eftir endurskoðun gildandi grunnröðunar fyrir forstöðumenn ríkisstofnana. Í því sambandi benti stjórn FFR á að í nýlegum úrskurðum ráðsins hafi grunnröðun dómara, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra tekið verulegum breytingum. Grunnröðun forstöðumanna var því orðin önnur og lakari en verið hefur og var vísað til línuritsins hér að neðan í því samhengi.



Ásamst. forstöðumönnum ríkisstofnana falla undir línuna „Kjararáð ýmsir“ m.a. ráðuneytisstjórnar og skrifstofustjórnar sem fengu hækkun frá 1. júlí 2016 skv. úrskurðum ráðsins. Þá var m.a. ákvörðuð almenn hækkun grunnröðunar skrifstofustjóra án mannaforráða þannig að FFR taldi grunnröðun milli hópa innan kjararáðs ekki vera í samræmi við þá ábyrgð sem aðilar bera. Jafnframt taldi FFR að endurskoða þyrfti launatöflur miðað við þær breytingar sem orðið hefðu í þjóðfélaginu og sem kjararáði ber skylda til að hafa til viðmiðunar samkvæmt lögum nr. 47/2006.

Stjórn FFR óskaði því eftir að kjararáð endurskoðaði ákvörðun sína um almenna grunnröðun forstöðumanna þannig að gætt sé að öllu leyti að skyldu ráðsins til að gæta samræmis í röðun þeirra sem undir ráðið heyra, höfð sé hliðsjón af aukinni ábyrgð forstöðumanna og þeim breytingum sem hafa orðið á launaþróun í þjóðfélaginu. Kjararáð hefur enn ekki brugðist við þessari áskorun FFR.

Þakka ber Tryggva Axelssyni, Ársæli Guðmundssyni og Sveini Runólfssyni, sem sátu í Starfskjaranefnd FFR, fyrir góð störf í þágu félagsins.

4. Fundir og málþing 2016-2017

Á morgunverðarfundum FFR starfsárið 2016-2017 var einna helst fjallað um starfskjaramál og voru þrjú félagsfundir haldnir um það málefni. Umfjöllun um þessa fundi er að finna á vefsíðu félagsins. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) við Háskóla Íslands og FFR skipulögðu í samstarfi málþing og námskeið á starfsárinu eins og undanfarin ár. Glærur frá morgunverðarfundunum má nálgast á sérstöku vefsvæði SSS og FFR; <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1060>. Einnig hélt félagið fundi í samráði við ýmsa aðra aðila, svo sem fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Helstu fundir sem haldnir voru á starfsárinu 2016-2017:

5. október: Stofnanir í nýju fjölmiðlaumhverfi – almannatengsl og samfélagsmiðlar: Er einhver leið til að bregðast við eða vera með fyrirbyggjandi ráðstafanir? Baldvin Þór Bergsson fréttamaður, Andrés Jónsson almannatengill og Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítala héldu erindi. Glærur og hljóðupptaka eru á sérstöku vefsvæði SSS og FFR.

1. nóvember: Áhrif laga um opinber fjármál á reikningshald stofnana. Sigurður Helgi Helgason, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá FJR, Ingþór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri og Þórir Ólafsson, forstöðumaður uppgjörssviðs Fjársýslu ríkisins, héldu erindi. Umfjöllun er á vefsíðu FFR.

14. desember: Jóla- og 30 ára afmælisfögnuður FFR. Félag forstöðumanna ríkisstofnana var stofnað 27. nóvember 1986 og varð því 30 ára. Af því tilefni var boðað til hádegisverðar fyrir félagsmenn á Grand Hótel til að fagna afmælinu, njóta hádegisverðar og ræða ýmis málefni, fremst þó starfskjaramál félagsmanna. Sjá umfjöllun á vefsíðu félagsins.

1. febrúar: Félagsfundur um þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna í ljósi breyttra laga um kjararáð. Fyrri hluta fundarins fjallaði Asbjörn Valeim, sérfræðingur hjá mannauðssýslu ríkisins í Noregi um það launafyrirkomulag sem gildir um ædstu stjórnendur í Noregi (Statens lederlønnesystem). Síðari hluta fundarins var fundarmönnum raðað niður á 10 borð, umræður um ákveðnar spurningar fóru fram, borðstjórar tóku niður punkta og og unnin var heildarsamantekt frá öllum borðum, sem var send til allra félagsmanna. Streymi af fundinum er að finna á vefsíðu FFR.

8. febrúar: Hvernig bætum við stefnumótun og framkvæmd opinberrar þjónustu á grunni atferlisfræða og gagnreyndrar þekkingar? Framsöguerindi héldu Dr. Tiina Likki, sérfræðingur hjá Behavioural Insights Team í Bretlandi, og Dr. Hulda Þórisdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Glærur og hljóðupptaka eru á sérstöku vefsvæði SSS og FFR.

3. mars: Ný Evrópureglugerð um persónuvernd: Grundvallarbreytingar á skyldum og ábyrgð opinberra aðila sem vinna með persónuupplýsingar. Framsöguerindi héldu Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum og Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, sendiráðunautur á laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Glærur og hljóðupptaka eru á sérstöku vefsvæði SSS og FFR.

11. maí: Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna sem eru í vændum vegna breyttra laga um kjararáð. Framsöguerindi héldu Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Gunnar Björnsson, Kjara- og mannauðssýslu FJR og Björn Karlsson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Streymt var beint frá fundinum og er hægt að sjá streymið og umfjöllun um fundinn á vefsíðu FFR.

Einnig var nokkur fjöldi námskeiða haldin í samvinnu við ýmsa aðila, þá fremst Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála. Nefna má námskeið um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, opinber innkaup (á vegum Ríkiskaupa), hutverk opinberra starfsmanna í lýðræðisumræðu, upplýsingaöryggi og áfallastjórnun, svo eitthvað sé nefnt.

Stjórn FFR fékk áskoranir frá félagsmönnum sem starfa á landsbyggðinni um að morgunverðarfundirnir verði á einhvern hátt gerðir aðgengilegir á netinu. Kostnaður við að streyma fundunum hefur hingað til verið mjög mikill, en vorið 2017 var fundin lausn sem er kostnaðarlega ásættanleg og síðan hafa tveir félagsfundir verið sendir út í streymi og upptökur verið aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Áður hafði Grand Hótel boðið upp á tiltölulega ódýra lausn þar sem hljóð af fundinum er tekið upp og menn geta fengið hljóðskrána og kynningarefnið sent, eða nálgast það á ofangreindri slóð.

5. Heimasíðan og samfélagsmiðlar

FFR rekur heimasíðu (www.ffr.is) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Stjórn FFR ákvað að endurgera vefsíðu félagsins og færa hana inn í vefumsjónarkerfið WordPress sem er ókeypis og opinn hugbúnaður og því þarf ekki að greiða nein mánaðarleg leigu- og/eða kerfisgjöld. Samið var við hugbúnaðarfyrirtækið Hype um endurgerðina. Áhersla var lögð á að vefsíðan aðlagist skjáupplausn notenda, þ.e. að hún birtist m.t.t. allra skjástærða í tölvum og snjalltækjum (s.s. fartölvum, spjaldtölvum og snjallsímum). Vinnu við þetta er nú lokið og á vefsíðu félagsins má nálgast fundargerðir stjórnar og margskonar aðrar upplýsingar. Sérstakt vefsvæði um nýtt vinnuumhverfi forstöðumanna er á vefsíðunni, <http://ffr.is/nytt-vinnuumhverfi/>. Á því svæði eru streymi af fundum vistuð, ýmiskonar aðrar upplýsingar og spjallsvæði ef félagsmenn vilja tjá sig og ræða málið.

6. Lokaorð

Í starfi stjórnar og Starfskjaranefndar FFR bar hæst annarsvegar greiningarvinna og samskipti við kjararáð á haustmánuðum 2016 og hinsvegar samvinna við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins vegna breytinga á lögum um kjararáð. Stjórn og Starfskjaranefnd FFR eru skipaðar hópi forstöðumanna sem allir eru tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Þakka ber fráfarandi stjórnarmeðlimi, Guðjóni S. Brjánssyni, fyrrum forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, en hann var kjörinn þingmaður haustið 2016 og sagði sig þar með úr stjórn FFR.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana
Björn Karlsson, formaður FFR*